

125. löggjafarþing 1999–2000.
Þskj. 1003 — 615. mál.

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um notkun íslenskra veðurhugataka.

Frá Halldóri Blöndal.

Hyggst ráðherra fela Veðurstofu Íslands að nota íslensku hugtökin logn, hægur vindur, andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri eins og við á í veðurlýsingum og veðurspám í ljósvaka- og prentmiðlum samhliða metrum á sekúndu þegar lýst er veðurhæð í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis þegar greidd voru atkvæði um tillögugrein þingsályktunartillögu um notkun íslenskra veðurhugataka hjá Veðurstofu Íslands á fundi Alþingis 12. apríl sl.?